

## Fyrirspurn

til félags- og vinnumarkaðsráðherra um aðstoð við erlenda ríkisborgara.

Frá Arndísi Önnu Kristínardóttur Gunnarsdóttur.

- Hversu margir erlendir ríkisborgarar hafa óskað eftir aðstoð sveitarfélaga, sbr. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, á sl. fimm árum? Svar óskast sundurliðað eftir mánuðum og því hvort umsókn hafi verið samþykkt eða henni synjað.
- Hvaða þjónusta eða aðstoð hefur verið veitt á grundvelli ákvæðisins á sl. fimm árum? Svar óskast sundurliðað eftir mánuðum og fjölda einstaklinga sem þegið hafa viðkomandi þjónustu eða aðstoð.

Skriflegt svar óskast.